

## Starfshópur um framtíðarskipulagningu íþróttamannvirkja á Torfnesi

### Stjórnskipuleg staða

Nefndin heyrir undir bæjarstjóra.

Nefndin starfar á umhverfis- og eignasviði sem er undir stjórn sviðstjóra umhverfis- og eignasviðs. Skóla- og tómstundasvið starfar með nefndinni, en hlutverk sviðsins snýr að nýtingu íþróttamannvirkja til íþróttaiðkunar og samstarfi við íþróttafélög og aðra hagsmunaaðila tengdum líkamsrækt og heilsuefningu í sveitarfélaginu.

Nefndin er verkefnabundin nefnd sem hefur störf við stofnun nefndarinnar. Störfum nefndarinnar líkur þegar lokaskýrsla nefndarinnar hefur veri gefin út og tekin fyrir í bæjarstjórn.

Áætlað er að nefndin ljúki störfum fyrir árslok 2020.

### Skipan nefndarinnar

Í nefnd um framtíðarskipulagningu íþróttamannvirkja á Torfnesi eiga sæti þrír fulltrúar, sem bæjarstjórn kýs, út kjörtímabil nefndarinnar, auk þriggja fulltrúa til vara.

Sviðstjóri umhverfis- og eignasviðs og sviðstjóri skóla- og tómstundasviðs eru starfsmenn nefndarinnar, svo og þeir starfsmenn sem nefndin kallar til.

Kjörnir fulltrúar bæjarstjórnar, bæjarstjóri, nefndamenn skipulags- og framkvæmdanefndar og nefndarmenn íþrótt- og tómstundanefndar eiga rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Þá er heimilt að kalla til á fundi nefndarinnar sérhvern þann er tengist málum er fjallað er um hverju sinni. Starfsmönnum bæjarins er skylt að sitja fundi nefndarinnar sé þess óskað.

Bæjarstjórn kýs formann og varaformann fyrir nefndina, en nefndin kýs sér ritara á fyrsta fundi sínum.

## Hlutverk

Hlutverk nefndar um framtíðarskipulagningu íþróttamannvirkja á Torfnesi er:

- Útbúa þarfagreiningu og tillögur að framtíðarskipulagningu og heildstæðri uppbyggingu íþróttamannvirkja á Torfnesi, sérstaklega hvað varðar líkamsrækt og sundlaugaraðstöðu. Horfa skal jafnframt til annarrar starfsemi í húsinu, s.s. þörf fyrir geymsluaðstöðu, eldhús og aðra þjónustu.
- Gera tillögu til bæjarstjórnar um hönnun, byggingu, útboð og hugsanlega áfangaskiptingu verksins, ásamt rekstrar- og kostnaðaráætlun, á mögulega mismunandi útfærslum svæðisins.
- Vera embættismönnum til ráðgjafar varðandi allt það sem snýr að uppbyggingu íþróttamannvirkja á Torfnesi.

Nefndin skal sækja þá sérfræðiþjónustu sem nauðsynleg er til að uppfylla hlutverk nefndarinnar.

## Starfshættir

Um starfshætti nefnda er sérstaklega getið í **IV. og VI. kafla samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar** og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Nefndin skal halda **gerðabók**. Ritari færir fundargerð í gerðabók. Í gerðabók skal getið **hvar og hvenær** fundur er haldinn, töluröð fundar og hverjir sitji hann.

Skrá skal **einstök** mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst.

Í lok fundar skal fundargerð **lesin upp og undirrituð** af fundarmönnum. Einnig skal formaður nefndar og einn nefndarmanna setja **upphafsstafi** sína undir hverja blaðsíðu fundargerða, sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð.

Heimilt er að skrá fundargerðir í **tölvu**. Sé það gert skal bóka í gerðabók **númer fundar**, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina **blaðsíðutal** fundargerða. Nefndarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Fundarmenn fá **afrit** af fundargerð stjórnarinnar í lok fundar.

Formaður og/eða starfsmaður sér um **boðun funda**. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en einum sólarhring fyrir fund.

Formaður **stýrir fundum** nefndarinnar samkvæmt ákvæðum IV. og VI. kafla, sbr. og III. kafla samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Fundur telst **ályktunarhæfur** ef meirihluti nefndarinnar er mættur á fundi. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

## **Réttindi og skyldur fulltrúa**

Um réttindi og skyldur fulltrúa í nefndinni gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og ákvæði IV. kafla samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, eftir atvikum.

Fulltrúa er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann þá boða staðgengil í sinn stað og láta formann nefndarinnar og/eða starfsmann vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til formanns a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu hafa hag bæjarins að leiðarljósi við störf sín í nefndinni, en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og ætla má að leynt eigi að fara samkvæmt eðli máls eða lögum, hvort heldur sem þau varða einka- eða almannahagsmuni.

Fulltrúi skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála, sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

Að öðru leiti gildir um hæfi nefndarmanna ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 17. gr. bæjarmálasamþykktar Ísafjarðarbæjar.

Nefndarmenn fá greitt fyrir fundarsetu samkvæmt reglum um greiðslur til bæjarfulltrúa og nefndarmanna.

## **Lög og reglugerðir**

Í störfum sínum skal nefndin taka mið af þeim lögum og reglugerðum er snerta starfssvið hennar.

Þá skal nefndin fylgja samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar eins og hún er hverju sinni og kynna sér ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Þannig samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, 18. júní 2020.